

## Verklagsreglur Vinnumálastofnunar um nám samhliða atvinnuleysisbótum

- Námsmenn eru ekki tryggðir samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

### **Undanþága þegar nám er hluti vinnumarkaðsaðgerða samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar:**

- Atvinnuleitandi skal ávallt hafa samráð við ráðgjafa Vinnumálastofnunar um val á starfstengdu námi eftir að færni hans og staða hefur verið metin.
- Til greina kemur nám eða námskeið sem falla undir reglugerð um nám eða námskeið sem teljast vinnumarkaðsúrræði, sem eru eftirfarandi:
  - a. Nám sem haldið er samkvæmt námsskrá sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur viðurkennt.
  - b. Nám sem haldið er á vegum fræðslustofnana atvinnulífsins.
  - c. Önnur námskeið en þau sem talin eru í a og b-lið og haldin eru á vegum Símenntunarmiðstöðva.
  - d. Námskeið sem haldin eru á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.
  - e. Námskeið/nám sem haldið er á vegum endurmenntunarstofnana háskólanna.
  - f. Nám á verk- og starfsnámsbrautum á framhaldsskólastigi og frumgreinanám sem boðið er á forsendum fullorðinsfræðslu, þ.e. námið og uppbygging þess tekur mið af og er sniðið að þörfum fólks sem hefur verið þátttakandi á vinnumarkaði.
  - g. Námskeið á vegum endurhæfingarmiðstöðva.
  - h. Önnur námskeið sem eru líkleg til að styrkja fólk á vinnumarkaði að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.
- Atvinnuleitandi skal hafa starfað á innlendum vinnumarkaði samfelld á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, þó án tillits til starfshlutfalls.
- Ráðgjafi Vinnumálastofnunar telur ekki líklegt að atvinnuleitanda verði boðið starf á næstu vikum.
- Skilyrði er að námið kunni að nýtast atvinnuleitandanum beint við atvinnuleit að námi loknu að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.
- Sérstakur námssamningur er gerður milli Vinnumálastofnunar og atvinnuleitanda þar sem atvinnuleitandi skuldbindur sig til að stunda að fullu námið, þar á meðal uppfylla skilyrði um mætingu sem sett eru um námið og önnur skilyrði um reglulega ástundun þess. Jafnframt skuldbindur atvinnuleitandi sig að hafa regluleg samskipti við ráðgjafa Vinnumálastofnunar meðan á gildistíma námssamnings stendur.
- Skilyrði er að námið sé hvorki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, hvort sem um er að ræða dag- eða kvöldskóla eða fjarnám, né nám á námsbrautum sem leiða til stúdentsprófs hjá framhaldsskólum.

**Undanþága skv. 2. mgr. 52. gr. laganna:**

- Heimilt er á grundvelli sérstaks mats Vinnumálastofnunar að veita undanþágu frá meginreglunni í tilvikum þegar atvinnuleitandi vill halda áfram námi sem hann stundaði samhliða starfi sínu sem hann missti.
- Skilyrði er að námið sé ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.
- Ráðgjafi Vinnumálastofnunar metur aðstæður atvinnuleitanda en skilyrði er að hann geti talist í virkri atvinnuleit samhliða námi sínu.

**Undanþága skv. 3. mgr. 52. gr. laganna:**

- Ráðgjafi Vinnumálastofnunar metur aðstæður atvinnuleitanda en skilyrði er að hann geti talist í virkri atvinnuleit samhliða námi sínu.
- Almennt getur talist heimilt að stunda nám í kvöldskóla og fjarnám, sem ekki er lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Jafnframt er heimilt að stunda almennt bóknám á framhaldsskólastigi svo nemur 1/3 af fullu námi. Gert er ráð fyrir að atvinnuleitandi sé á sama tíma í virkri atvinnuleit og reiðubúinn að taka starfi ef það býðst.
- Við sérstakar aðstæður getur talist heimilt að stunda lánshæft nám sem nemur 3 – 6 einingum (6 – 12 ECTS) en höfð er hliðsjón af reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna um lánshæfar einingar. Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 20 ECTS-einingum eða ígildi þeirra til að eiga rétt á námsláni. Ljúki námsmaður 20-30 ECTS-einingum á hann rétt á láni vegna lokinna eininga þ.e. allt að 30 einingum. Ekki er veitt frekara lán á námsárinu nema námsmaður ljúki 40 ECTS-einingar eða fleiri og á hann þá rétt á láni vegna allra lokinna eininga, allt að 80 ECTS-einingum á námsárinu.
- Skilyrði að námið kunnist að nýttast atvinnuleitandanum beint við atvinnuleit að námi loknu að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.
- Í einstökum tilvikum er heimilt á grundvelli sérstaks mats Vinnumálastofnunar að veita undanþágu frá meginreglunni í tilvikum þegar atvinnuleitandi stundar nám en er í lægra námshlutfalli en 75%.